

LÖG**um breyting á almennum hegningarlögum,
nr. 19 12. febrúar 1940
(kynferðisbrot gegn börnum).**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 202. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 40/1992, bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Hver sem greiðir barni eða ungmenni yngra en 18 ára endurgjald gegn því að hafa við það samræði eða önnur kynferðismök skal sæta fangelsi allt að 2 árum.

2. gr.

Við 1. másl. 4. mgr. 210. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 39/2000, bætist: eða fangelsi allt að 2 árum ef brot er stórfellt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. febrúar 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sólveig Pétursdóttir.